

Vindmyllur í Þykkvabæ, Rangárþingi ytra

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 18. janúar 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Háblæ ehf. um vindmyllur í Þykkvabæ, Rangárþingi ytra samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 3.16 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Vindmyllur í Þykkvabæ, Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna endurnýjun vindmylla í Þykkvabæ. Háblær ehf. – Efla. 18 janúar 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi ytra 9. mars 2023
- Umhverfis- og skipulagsnefnd Rangárþings ytra 2. mars 2023.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 2. mars 2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2. mars 2023.
- Orkustofnun 27. febrúar 2023.
- Umhverfisstofnun 27. febrúar 2023.
- Veðurstofu Íslands 27. febrúar 2023.
- Vegagerðinni 16. febrúar 2023.

Ekki bárust umsagnir frá Minjastofnun Íslands og Samgöngustofu.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 9. mars 2023

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í endurnýjun og uppsetningu tveggja nýrra vindmylla á undirstöðum fyrri vindmylla við Þykkvabæ. Nýju vindmyllurnar verða lægri en þær fyrri með turna sem ná 46,6 m hæð, en turnar fyrri mylla voru 53 m, er það lækkun um 6,4 m. Þvermál spaða verður óbreytt, 44 m. Í hæstu stöðu munu spaðarnir ná 67,6 m hæð en náðu áður 74 m hæð. Nýju vindmyllurnar verða 900 kW hvor, alls 1,8 MW, en þær eldri voru 600 kW hvor eða alls 1,2 MW. Allir innviðir eru þegar til staðar, þ.m.t. vinnuþlön, aðkomuvegur og tenging við raforkukerfi. Tengisamningur hefur verið gerður við Rarik og orkusölusamningur við HS Orku upp á 1,8 MW. Áætluð árleg orkuvinnsla er um 7,2 GWh.



Framleiðandi vindmyllanna mun sjá um flutning og uppsetningu og afhendir vindmyllurnar tilbúnar til notkunar. Háblær mun einungis sjá um að gera undirstöður klárar og koma á tengingum á rafbúnaði með framleiðanda.

Vindmyllurnar verða fluttar sjóðleiðina til Þorlákshafnar og þaðan landleiðina til Þykkvabæjar. Áætlaður líftími vindmyllanna er 25 ár. Ef vindmyllurnar verða teknar niður að 25 árum liðnum verða þær teknar í sundur á sambærilegan hátt og þær voru settar saman. Fyrri vindmyllur voru felldar í heilu lagi sökum þess að þær höfðu báðar brunnið og ekki var hægt, né öruggt að hífa vélarhúsið af með krana.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Háblæs og umsögnum umsagnaraðila.

Fuglalíf

Í greinargerð Háblæs kemur fram að helst sé að finna mófugla eins og lóu, hrossagauk, spóa og stelk í grennd við framkvæmdasvæðið. Svæðið sé landbúnaðarland og allt í kring séu beitolönd, náttúruleg búsvæði fugla séu af skornum skammti og þéttleiki varpfugla lítill. Um svæðið fari þó tugþúsundir farfugla á hverju ári og tún og akrar oft þétt setin farfluglum. Allt Suðurlandsundirlendið, frá Markarfljóti í austri að Hellisheiði í vestri og frá sjó upp að Gullfossi í norðri eins og það leggur sig 3.476 km² sé flokkað sem mikilvægt fuglasvæði vegna þess mikla fjölda farfugla sem fari um svæðið.

Framkvæmdaraðili telur helstu áhrif á fuglalíf möguleg áflugshætta en ekki sé gert ráð fyrir því að vindmyllurnar muni fæla burt fugla af svæðinu. Það virðist sem fuglar hræðist ekki mannvirkin svo lengi sem umferð mannfólks sé ekki mikil. Ekki hafi verið tekið eftir neinum breytingum á fuglalífi svæðisins á þeim árum sem fyrri vindmyllur stóðu á svæðinu. Einungis hafi einu sinni fundist vængbrotinn svartbakur við vindmyllurnar en þó sé ekki hægt að útiloka að þeir hafi verið fleiri, erfitt sé að koma auga á litla mófugla. Ef gæsir eða stærri fuglar hefðu verið að lenda á myllunum hefði orðið vart við það. Er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á fuglalíf séu óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að ýmsar tegundir verpi á svæðinu. Lítið sem ekkert búsvæðatav verði af framkvæmdinni en nálægð við vindmyllur fæli án efa varpfugla frá sem annars hefðu getað nýtt sér umhverfið. Meginþátturinn sem huga þurfi að sé áflug fugla, bæði áflugshætta fyrir varpfugla á svæðinu sem og farfugla á fartíma þegar margar tegundir fari um svæðið í stórum hópum. Stofnunin setji spurningamerki við þá vöktun sem framkvæmdaraðili vísi til í greinargerðinni, það komi ekki fram hversu regluleg vöktunin hafi verið, hvaða aðferðum hafi verið beitt og hvort sérstaklega hafi verið fylgst með fuglum á fartíma. Vöktun á áflugi þurfi að vera markviss.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur skorta almennar upplýsingar um þéttleika fugla á svæðinu, bæði á varptíma og fartíma ásamt upplýsingum um tíðni, stefnu og flughæð farfugla á fartíma. Stofnunin mæli með að framkvæmdaraðili láti framkvæma fuglarannsóknir t.d. með radarmælingum svo hægt sé að byggja mat á áflugshættu á greinargóðum gögnum. Náttúrufræðistofnun telji þörf á að bæta upplýsingar um fuglalíf svæðisins svo hægt sé að meta áhrif vindmyllanna á fuglalíf á fullnægjandi hátt.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þeim aðferðum sem beitt var við vöktun og eftirlit á áflugi fugla við fyrri vindmyllur hafi ekki verið skipulagðar vísindalega, heldur hafi verið um að ræða landeiganda sem fór um svæðið tvisvar á dag til að vitja skepna sinna. Samkvæmt bændum á svæðinu virðist rekstur fyrri vindmylla ekki hafa haft áhrif á ágengni gæsa og álfta á nærliggjandi tún og kartöflugarða. Áhrif á fugla séu því mjög lítil.



Að mati framkvæmdaraðila séu alltof íþyngjandi kröfur fyrir framkvæmd sem raski engu og áratuga reynsla sé komin á og sýni að áflug fugla sé lítið sem ekkert, að fara í fuglarannsóknir með radarmælingum. Hér sé um að ræða svo fáa einstaka fugla að það séu engin vísindaleg eða málefnaleg rök sem kalli á nauðsyn slíkra umfangsmikilla rannsókna.

Í svörum framkvæmdaraðila segir að lokum að í leiðbeiningum Naturescot fyrir litla vindlundi (þrjár eða færri myllur) séu gerðar mun minni kröfur um fuglarannsóknir og jafnvel sé nægjanlegt að byggja á fyrirliggjandi gögnum og ekki ráðast í neinar rannsóknir. Lítið sé gert úr áflugshættu enda sé um mjög fáa fugla að ræða.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð Háblæs kemur fram að vindmyllurnar muni standa á afar flötu og manngerðu landslagi. Allt í kring séu kartöflugarðar, tún, beitahólf og þéttbýlið í Þykkvabæ. Sjónlínur séu langar sökum þess hve flatt landið sé, tvær mjóar og ljósgráar vindmyllur falli vel inn í himininn og séu vart greinanlegar nema í um nokkurra km radíus í næsta nágrenni og ekki áberandi nema í allra næsta nágrenni. Ásýndin verði sambærileg þeirri sem hafi verið frá árinu 2014 nema nýju vindmyllurnar verði lægri og ásýndin muni af þeim sökum minnka. Er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á landslag og ásýnd séu óveruleg.

Hljóðvist

Í greinargerð Háblæs kemur fram að hljóðstig frá vindmyllunum sé innan þeirra marka sem skilgreind séu í reglugerð nr. 724/2008 fyrir iðnaðar- og athafnasvæði innan lóðar. Næstu byggingar við framkvæmdasvæðið séu kartöflugeymsla og byggingar fyrir ýmsa starfsemi sem séu í um 350 m fjarlægð og íbúðarhús í um 500 m fjarlægð. Hljóðstigið sé innan við LAeq 45 dB við allar byggingar í Þykkvabæ og innan við 40 dB við þær flestar. Áhrif vindmylla á hljóðstig fari minnkandi eftir því sem fjarlægð eykst. Er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á hljóðvist séu óveruleg.

Ferðaþjónusta og ferðamenn

Í greinargerð Háblæs kemur fram að ferðamannastraumurinn hafi aukist mikið frá því fyrri vindmyllur voru reistar árið 2014. Rekstraraðilar fyrri vindmylla sé ekki kunnugt um að þær hafi aftrað ferðaþjónustunni í Þykkvabæ eða annarsstaðar á Suðurlandsundirlendinu á þeim tíma sem þær stóðu, aldrei hafi jafn margir ferðamenn verið á svæðinu. Engir sérstakir ferðamannastaðir séu í næsta nágrenni við myllurnar, sá sem sé næstur er í um 10,7 km fjarlægð.

Einnig kemur fram í greinargerðinni að ef horft sé til könnunar á viðhorfi ferðamanna til vindmylla sem gerð var í tengslum við tvær vindmyllur á Hafinu við Búrfell, megi ætla að tvær vindmyllur hafi lítil áhrif á upplifun ferðamanna og lítil neikvæð áhrif á náttúru svæðisins. Er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á ferðaþjónustu sé óveruleg.

Samfélag og samráð

Í greinargerð Háblæs kemur fram að Orkustofnun og sveitarfélaginu hafi verið vel kunnugt um fyrirhugaða framkvæmd. Leitað hafi verið umsagnar sveitarfélagsins þegar Orkustofnun heimilaði framsal virkjunarleyfis frá fyrri eiganda til Háblæs og nú sé unnið að nýju virkjunarleyfi sem geri ráð fyrir aflmeiri vindmyllum. Landeigendum og helstu nágrönnum hafi jafnframt verið kynnt fyrirhuguð áform auk þess sem greint hafi verið frá þeim í fjölmiðum.

Í umsögn skipulags- og umferðarnefndar Rangárþings ytra kemur fram að eitt af markmiðum umhverfismats framkvæmda sé að tryggja aðkomu almennings að umhverfismati og samvinnu þeirra aðila sem hafi hagsmuni að gæta eða láti sig málið varða. Skipulagsnefndin telji að heimamenn á hverjum stað búi yfir staðbundinni þekkingu á umhverfi og aðstæðum sem gæti nýst við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Það sé því mat skipulagsnefndarinnar að þessi framkvæmd gæti verið háð umhverfismati.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mikilvægt sé að hafa samráð við íbúa og því hafi Háblær haldið íbúafund þann 28. febrúar 2023 án þess að þeim hafi borið nein lagaleg skylda til þess. Þær ábendingar sem komi fram í umsögn sveitarfélagsins eigi allar uppruna sinn í athugasemdum á umræddum fundi. Af 40-50 þátttakendum fundarins hafi andmælendur framkvæmdarinnar verið taldir á fingrum annarrar handar. Margir hafi lýst yfir ánægju sinni með áform um að reisa nýjar, lægri og betri vindmyllur í stað hinna sem fyrir voru.

Skuggaflökt

Í greinargerð Háblæs er engin umfjöllun um skuggaflökt.

Í umsögn Rangárþings ytra kemur fram að í greinargerðinni sé ekki tekið tillit til t.a.m. þeirri breyttu forsendu í tengslum við lýsingu á deiliskipulagi svæðisins er varði áður fyrirhugaða nýtingu orkunnar sem upphaflegar vindmyllur áttu að framleiða og skuggaáhrifum á nærliggjandi byggð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að það sé engin byggð á þeim svæðum þar sem helst megi búast við skuggaflökti eða skuggum. Seinnipartinn og á kvöldin þegar sólin sé lágt á lofti sé hún í vestri og það sé engin byggð austan við vindmyllurnar sem gæti orðið fyrir áhrifum. Sama megi segja um yfir háveturinn þegar sólin sé lágt á lofti í suðri, það sé engin byggð fyrir norðan myllurnar nálægt þeim. Tvö hús séu vestan myllanna þ.e. Borgartún 1 og 2 en það þurfi að vakna fyrir kl. 6 að morgni að sumri til, til að verða var við skuggaflökt og það vari í stuttan tíma í senn, einungis hluta úr ári. Á veturna komi sólin það seint upp að hún sé ekki í háaustri.

5 Skipulag og leyfi

Framkvæmdin samræmist leiðarljósum landsskipulagsstefnu í megindrátum. Framkvæmdin er einnig í samræmi við gildandi aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028 sem og gildandi deiliskipulagi fyrir tvær vindmyllur frá árinu 2013.

Framkvæmdin er háð virkjunarleyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver samkvæmt raforkulögum.

Sækja þarf um leyfi um sérstakan flutning til Vegagerðarinnar og Samgöngustofu vegna þungaflutninga í samræmi við reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja.

Byggingarleyfi þarf frá byggingarfulltrúa Rangárþings ytra samkvæmt mannvirkjalögum.

Starfsleyfi þarf á Heilbrigðiseftirliti Suðurlands samkvæmt lið 115 í viðauka IV. Með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Samgöngustofu er heimilt að krefjast þess að vindmyllur verði merktar ef þær teljast hættulegar flugumferð samkvæmt lögum um loftferðir.

6 Niðurstaða

Um er að ræða endurnýjun tveggja vindmylla í Þykkvabæ, Rangárþingi ytra sem framleiða eigi 1,8 MW. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 3.16 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, ónæði og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af



staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða endurnýjun tveggja vindmylla allt að 67,6 m háar miðað við spaða í efstu stöðu, með uppsett afl 1,8 MW. Ákvörðunin tekur til breytinga á fyrri myllum en nýju vindmyllurnar verða reistar á steiptum undirstöðum fyrri vindmylla, allir innviðir eru þegar til staðar, þ.m.t. vinnuþlön, aðkomuvegur og tenging við raforkukerfi. Vindmyllueiningum verður landað í Þorlákshöfn og keyrðar þaðan landleiðina til Þykkvabæjar, minniháttar ráðstafanir þarf að gera vegna flutninganna.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan mikilvægs fuglasvæðis sem spannar 3.476 km². Engin svæði innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar með tilliti til sjónrænna áhrifa njóta hins vegar verndar. Í greinargerð framkvæmdaraðila eru takmarkaðar upplýsingar um fuglalíf á og næst framkvæmdarsvæðinu. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að mikil umferð farfugla sé á svæðinu sem leggja þurfi áherslu á að vakta ásamt vöktun á áflugi. Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands og telur mikilvægt að ráðast í vöktun á fuglalífi á og við framkvæmdarsvæðið sökum þess hve vöktuninni var ábótavant í tíð fyrri vindmylla en myllurnar eiga að rísa nálægt og í farleiðum margra fuglategunda. Skipulagsstofnun telur að setja þurfi skýr ákvæði um fyrirkomulag vöktunar og mótvægisáðgerðir m.t.t. áhrifa á fuglalíf í virkjunarleyfið í samræði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Vindmyllurnar verða reistar á undirstöðum fyrri vindmylla og jarðrask verður lítið sem ekkert við framkvæmdirnar. Framkvæmdirnar samræmast núgildandi deiliskipulagi fyrir framkvæmdarsvæðið sem og aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028. Engin sérstök útivistar- eða ferðamannasvæði eru innan eða í nágrenni við framkvæmdarsvæðið, þrátt fyrir það er vaxandi fjöldi ferðamanna sem heimsækir Þykkvabæ og nágrenni. Landslagið einkennist af flötu og manngerðu landslagi með túnum, kartöflugörðum og beitarráðum allt í kring. Sjónlínur eru langar en vindmyllurnar eru tiltölulega lágar sem takmarkar áhrifasvæði þeirra. Vindmyllurnar eru með 25 ára líftíma og ásynðaráhrifin að miklu leyti afturkræf, þó beri að líta til þess að mannvirkin komi til með að standa í langan tíma. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að ákvæði um frágang og niðurrif verði sett í virkjunarleyfið ásamt ákvæði um líftíma mannvirkjanna og förgunar á þeim. Byggð er í næsta nágrenni við vindmyllurnar en lítil sem engin áhrif eru á þeim svæðum þar sem helst megi búast við skuggaflökki eða skuggum. Áhrif vindmyllanna á hljóðvist er innan marka sem skilgreind eru í reglugerð Heilbrigðiseftirlitsins. Heilt yfir telur Skipulagsstofnun að endurnýjaðar vindmyllur komi til með að hafa sambærileg áhrif og fyrri vindmyllur.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. apríl 2023.

Reykjavík, 17. mars 2023

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir